

30. September 2011

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Jón Bjarnason

Efni: Greinargerð um fiskveiðistjórnunarfrumvarp og tillögur til breytinga

Meðfylgjandi er greinargerð formanns og varaformanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um fiskveiðistjórnunarfrumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt tillögum um þær breytingar sem gera þarf á frumvarpinu áður en það verður lagt fram að nýju.

Tillögur okkar byggja m.a. á fiskveiðistjórnunarkafli stjórnarsáttmálans, jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæðum stjórnarskrár og mannréttindanefndar Sp, auk tillögu stjórnlagaráðs að nýju auðlindaákvæði í stjórnarskrá.

Til grundvallar liggur sú stefnumörkun að

- nytjastofnar á Íslandsmiðum séu auðlind í sameign íslensku þjóðarinnar;
- afnot þeirra myndi aldrei eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði;
- fiskveiðiauðlindina eða réttindi tengd henni meggi aldrei selja eða veðsetja;
- fiskveiðar við Ísland séu þjóðhagslega hagkvæmar, að þær treysti byggð og skapi störf;
- þjóðin njóti eðlilegs arðs af auðlind sinni;
- nýting auðlindarinnar miði að sjálfbærri þróun og almannahag;
- nýtingarleyfi auðlindarinnar séu veitt á jafnræðisgrundvelli;
- allir menn séu jafnir og eigi stjórnarskrárvarinn rétt til að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa (sbr 65. og 75. gr. stjórnarskrár).

Við teljum brýnt að litið sé samfélagslegra áhrifa fiskveiðistjórnunarinnar í bráð og lengd. Í því skyni verði reistar skorður við því að arður útgerðarinnar byggji á útleigu aflaheimilda og viðskiptum með þær í stað veiðanna sjálfra. Sköpuð verði skilyrði til nýliðunar í greininni, dreifðrar eignaraðildar, heilbrigðra rekstrarskilyrða, eðlilegrar verðmyndunar aflaheimilda, og atvinnueflingar á grundvelli jafnræðis og atvinnufrelsis.

Þær breytingar sem við leggjum til eru eftirfarandi:

- Opnuð verði gátt á milli hluta 1 (nýtingarsamninga) og hluta 2 (leigupotts) þannig að handhafar nýtingarsamninga eigi þess kost að bjóða í aflaheimildir í leigupotti og kvótalítlar útgerðir eigi þess kost að bjóða í nýtingarsamninga.
- Að sama skapi verði leiguhlutinn aukinn að verulegum mun, t.d. í 20-30% þeirra aflaheimilda sem til ráðstöfunar er hverju sinni.
- Horfið verði frá hinum svokallaða byggðapotti, sömuleiðis rækju- og skelbótum.

- Strandveiðar verði gefnar frjálssar í skilgreindri strandveiðihelgi að uppfylltum skilyrðum sem nánar eru skilgreindar í greinargerðinni.
- Skerpt verði á markmiðsetningu og útfærslu á takmörkunum framsals aflaheimilda, einkum varðandi leiguframsal.
- Kvótapiing verði skilgreint betur og ígrundaðar vel þær aðferðir sem viðhafðar verða við uppboð aflaheimilda.
- Allur afli verði boðinn á innlendan markað.
- Skilið verði milli veiða og vinnslu.

Við lýsum okkur reiðubúna til þess að skrifa frumvarpið upp að nýju í umboði ráðherra og í samráði við sérfræðinga, eins og fordæmi eru fyrir við smíði frumvarpa í stjórnarráðin (sbr. Jarðalög).

Virðingarfyllst,

Lilja Rafney Magnúsdóttir,
formaður sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar Alþingis

Ólína Þorvarðardóttir
varformaður sjávarútvegs- og
landbúnaðarnefndar Alþingis